

AUGLÝSING

um breytingar á Lyfsöluskrá I, 15. marz 1951.

96
1. júní

Frá og með 1. júní 1951 ganga í gildi breytingar á Lyfsöluskrá I, 15. marz 1951, útgefnar af þessu ráðuneyti 1. júní 1951.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 1. júní 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Ragnar Bjarkan.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hólmavíkurkaupþún.

97
1. júní

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hólmavíkurhöfn takmarkast að sunnan af línu, er hugsast dregin frá höfðanum sunnan við Kleifavör yfir fjörðinn í Viðidalsárhöfða utanverðan, og að norðaustan af Vallnesi hornrétt á fyrrnefnda línu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Hólmavíkurkaupþúns og skal honum eingöngu varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og reksturs, viðhalds og leiðbeininga við innsiglinguna.

Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps kýs þriggja manna hafnarnefnd til fjögurra ára í senn og ákveður laun hennar, og hefur hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar og undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, framkvæmd hafnar- mála, og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og á eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Ef hafnarnefnd óskar eftir skal hreppsnefnd skipa bryggjuvörð eftir ábendingu hennar og gefur hafnarnefnd manni þeim erindisbréf, annars er hafnarnefnd heimilt að annast þau störf sjálf. Hafnarnefnd kýs formann úr sínum hóp og er hann hafnarstjóri.

Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.